

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 615/1980
fyrir Iðnaðarbanka Íslands hf., sbr. samþykkt nr. 496/1981
um breyting á þeirri samþykkt.

1. gr.

3. mgr. A-liðs 4. gr. hljóði þannig: Hlutfé er allt jafn rétthátt.

2. gr.

2. tl. 1. mgr. B-liðs 4. gr. falli niður.

3. gr.

2. ml. 2. mgr. D-liðs 4. gr. falli niður.

4. gr.

2. mgr. 5. gr. falli niður.

5. gr.

3. mgr. 5. gr. hljóði þannig:

- 1) Í hlutfélagi skal greina: Nafn, heimili og skráningarnúmer félags.
- 2) Nafnverð þess og töluröð.
- 3) Nafn hluthafa.
- 4) Útgáfudag hlutabréfs.

6. gr.

2. tl. 6. gr. hljóði þannig:

Nafnverð þess og töluröð.

7. gr.

9. gr. hljóði þannig:

Nú glatast hlutabréf og gefur bankaráð þá út nýtt hlutabréf til eiganda, er hann hefur fengið ógildingardóm á hinu glataða skjali. Bankaráð skal heimilt að gefa út til aðila nýtt hlutabréf, þótt ógildingardóms sé ekki aflað, ef bankaráð telur nægilega sannað að bréfið hafi glatast. Ef hlutabréf skemmist, en þó verður ekki villst um tölu þess eða efni, getur bankaráð gefið út til aðila, á hans kostnað, nýtt skjal í staðinn, enda skili hann hinu skemmda skjali.

8. gr.

2. ml. 17. gr. falli niður.

9. gr.

1. mgr. 18. gr. hljóði þannig:

Aðalfund hluthafa skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og skal til hans boðað með auglýsingu er birt sé í Lögbirtingablaði lengst fjórum vikum og skemmst tveimur vikum fyrir fund, talið frá birtingu.

10. gr.

1. mgr. 20. gr. hljóði þannig:

Stjórn hlutafélagsins, sem í samþykktum þessum nefnist bankaráð, skipa 5 menn og jafnmargir til vara. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu á aðalfundi hluthafa ár hvert, aðalmenn fyrst, en varamenn síðar. Varamenn taka sæti í bankaráði eftir þeirri röð sem þeir eru kosnir, þegar aðalmenn þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá eða forfallast.

11. gr.

31. gr. hljóði þannig:

Samþykktum félagsins má breyta á löglegum aðalfundi. Ákvörðun verður því aðeins gild, að hún hljóti samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár, sem farið er með atkvæði fyrir á aðalfundinum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Iðnaðarbanka Íslands hf. hinn 26. apríl 1984.

Í bankaráði Iðnaðarbanka Íslands hf.

Davíð Scheving Thorsteinsson Sveinn Valfells Gunnar Guðmundsson
Sigurður Kristinsson Brynjólfur Bjarnason

Framangreindar breytingar staðfestast hér með.

Viðskiptaráðuneytið, 31. desember 1984.

Matthías Á. Matthiesen.

Björn Líndal.